

## **Aðalfundur Samút haldinn þann 3. maí 2021, fundurinn var rafrænn haldinn á Teams.**

Þegar flest var voru 19 manns á fundinum en lengst af voru 17. Fundarmenn voru frá eftirfarandi aðildarfélögum;

Ferðaklúbbnum 4x4,  
Landssambandi Ísl, vélsleðamanna,  
Bandalagi Ísl. Skáta,  
Sjálfbóðaliðasamtökum um umhverfisvernd.  
Útivist,  
Skotvís,  
Landssamtökum hjólreiðamanna,  
Félagi húsbílaeigenda,  
Landssambandi hestamanna,  
Íslenski alpaklúbburinn  
Kajakklúbburinn

Sveinbjörn formaður setti fundinn og stakk uppá Skúla H. Skúlasyni sem fundarstjóra og Sigríði Örnú Arnþórsdóttur sem ritara, var það einróma samþykkt.

### **Dagskrá aðalfundar.**

1. Skýrsla stjórnar.
2. Framlag árseikningar.
3. Umræður um skýrslu og afgreiðsla ársreiknings.
4. Ákvörðun aðildargjalds og skipting kostnaðar.
5. Lagabreytingar.
6. Tilnefning stjórnarmanna.
7. Kosning tveggja skoðunarmanna.
8. Önnur mál.

- Ákvörðun dagpeninga vegna fundasetu á vegum Samút.
- Hvernig styrk verði varið að öðru leyti.
- Ákvörðun hvort sótt verði um styrk aftur um áramótin
- Úrsögn Fuglaverndarfélags Íslands
- Innganga nýrra félagasamtaka

- 1. liður; Skýrsla stjórnar;** Sveinbjörn flutti skýrslu stjórnar sem náði yfir tvö ár þar sem ekki hafði tekist að halda aðalfund árið 2020 vegna aðstæðan í þjóðfélaginu. Sveinbjörn talaði um það sem hefur helst verið að gerast hjá okkur sem hefur mikið til snúist um Vatnajökulsþjóðgarð sem og samskipti við stjórnvöld. Skýrsla formanns er birt í heild sinni hér á síðunni.

**2. liður; Framlag ársreikninga.** Næst eru reikningar Samút lagðir fram og það er Guðrún Bjarnadóttir gjaldkeri sem gerir það, lagðir eru fram reikningar fyrir efnahagsárin 2019 til 2020 og 2020 til 2021 vegna þess að aðalfundurinn féll niður árið 2020.

**3.liður, Umræður um skýrslur og afrgreiðsla ársreiknings;** Engar athugasemdir eru gerðar við skýrslu formanns né reikninga samtakanna. Hvorutveggja samþykkt samhljóða.

**4.liður Ákvörðun aðildargjalda og skipting kostnaðar.** Tekin var sú ákvörðun að innheimta ekki aðildargjöld fyrir árið 2020 til 2021 þar sem ekki var haldinn aðalfundur það ár. Samþykkt eru óbreytt aðildargjöld.

Skipting kostnaðar, þar sem samtökin hafa fengið styrk frá umhverfisráðuneytinu undanfarin tvö ár er aðeins meira til skiptana. Styrk þessum fylgir að greiða eigi fulltrúum í Vatnajökulsþjóðgarði vegna fundarsetu ákveðna upphæð af styrknum. Upphæð þessi nam 600.þús fyrir árið 2020 og er ákveðið að hún nemi 480 þús fyrir árið 2021. Skiptist þessi upphæð á milli 5. fulltrúa og formanns.

Annars hefur styrkurinn farið í að greiða lögfræðikostnað sem kom til þegar leita þurfti álits vegna álitamáls í Vonarskarðsmálinu. Einnig er einhugur um að halda ákveðinni upphæð inni á reikning komi til þess að leggja þurfi út í aðkallandi kostnað.

Ljóst þykir að að samtökin haldi áfram að sækja um styrk árlega.

Guðrún gjaldkeri nefnir að hún vilji breyta reikningárinu til að auðvelda gerð reikninga, en Sveinbjörn telur það ekki ganga upp. Þorvaldur Örn frá Sjálfboðaliðasamtökunum stingur upp á að færa aðalfundinn fram og halda hann í jan eða feb. Þetta er rætt lauslega án niðurstöðu.

**5. liður Lagabreytingar.** Engar lagabreytingar lágu fyrir.

**6. Kosning formanns.** Sveinbjörn Halldórsson er einn í boði og er því sjálfkjörinn með lófaklappi.

Tilnefning stjórnarmanna, eftirfarandi stjórnarmeðlimir gefa kost á sér áfram;

Sigríður Arna Arnþórsdóttir, varaformaður og ritari. Félag húsbílæigenda

Guðrún Inga Bjarnadóttir. Gjaldkeri. Ferðafélaginu Útivist

Einar Haraldsson. Skotvís

Haukur Eggertsson. Landssamtökum hjólréiðamanna

Varamenn og nýir inn í stjórnina eru;

Guðmundur Örn Sverrisson. Bandalagi íslenskra skáta

Þorvarður Helgason. Landssambandi Hestamanna

Fráfarandi eru;

Anna G. Sverrisdóttir. Bandalagi ísl. Skáta

Ásgeir Örn Rúnarsson. Slóðavinum

**7. Kosning 2ja skoðunarmanna**

Snorri Ingimarsson heldur áfram

Páll Sighvatsson kemur nýr inn

Þorvarður Helgason hættir þar sem hann er að koma inn í stjórnina.

## 8, Önnur mál.

Fyrir liggja eftirfarandi mál:

- Ákvörðun dagpeninga vegna fundasetu á vegum Samút
- Hvernig styrk verði varið að öðru leyti.
- Ákvörðun hvort sótti verði um styrk aftur um áramótin
- Úrsögn Fuglaverndarfélags Íslands
- Innganga nýrra félagasamtaka.

Þar sem fyrstu þremur liðunum hefur í raun verið svarað undir umræðunum um **lið 4. sem er ákvörðun aðildargjalda og skipting kostnaðar** þarf ekki að fjalla nánar um þá liði hér.

Varðandi úrsögn Fuglaverndarfélags Íslands sagði Sveinbjörn formaður að það mál væri í raun ekki á okkar borði, það væri alfarið mál Fuglaverndarfélagsins að taka þá ákvörðun og senda Samút tilkynningu þar um.

Innganga nýrra félagasamtaka. Formleg beiðni lá fyrir frá Vitafélaginu -íslensk strandmenning. Þrátt fyrir að Vitafélagið hafi gert breytingar á lögum sínum til að geta orðið hæf til inngöngu fengu þau ekki náð fyrir augum fundarmanna að svo stöddu. Ákveðið var að fresta afgreiðslu.

Aðeins var rætt um önnur félög sem ekki hafa sótt um svo sem Fisflugfélagið og Félag sumarhúsaeigenda. En niðurstaðan var sú að við þurfum að vanda hvaða ný aðildarfélög við tökum inn.

Undir liðnum önnur mál ræðum við starfið innan Vatnajökulsþjóðgarðs, vinnuna við Stjórnar-og verndaráætlun, Vonarskarðið, Framtíð Skaftafells og stefnumótun. Breyting virðist orðin á vinnubrögðum varðandi á Stjórnar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð með aðkomu Jóhönnu Katrínu Þórhallsdóttur sérfræðings sem nýlega hefur tekið yfir umsjón á miðlægrri vinnu áætlunnar. eru flestir fulltrúar sammála því að vinnubrögð hafi orðið til bóta með aðkomu hennar.

Skráð samkvæmt bestu vitund og minni

Sigríður Arna Arnþórsdóttir

3. maí 2021